

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.

1. gr.

Almennt.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt til aðila búsettra erlendis af vörum sem þeir hafa fest kaup á hér á landi að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Skilyrði endurgreiðslu.

Skilyrði endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari eru eftirfarandi:

- Kaupandi vöru er með lögheimili utan Íslands samkvæmt skráningu í Þjóðskrá Íslands.
- Kaupandi vöru hafi hana með sér af landi brott innan þriggja mánaða frá því að kaup áttu sér stað og framvísi henni ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum við brottför, sbr. 1. og 2. mgr. 5. gr.
- Kaupverð vöru, einnar eða fleiri, samkvæmt sölureikningi, með virðisaukaskatti nemi minnst kr. 6.000.
- Seljandi vöru sé skráður á virðisaukaskattskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.

3. gr.

Heimild til að annast endurgreiðslur.

Umsókn um leyfi til að annast endurgreiðslur samkvæmt reglugerð þessari skal beint til **Tollstjóra Tollyfirvalda**. Einungis þeim sem hlotið hafa leyfi **Tollstjóra Tollyfirvalda** er heimilt að annast endurgreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

Endurgreiðsluaðilar skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Umsækjandi skal vera lögaðili og ekki vera í vanskilum við ríkissjóð með greiðslu opinberra gjalda eða skatta.
- Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa gengist undir sátt eða hlotið dóm vegna brota á tollalögum eða hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum. **Tollstjóra Tollyfirvöldum** er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
- Daglegur stjórnandi endurgreiðsluaðila skal fullnægja skilyrðum b-liðar.
- Endurgreiðsluaðili skal sýna fram á að stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna vegna starfseminnar verði með traustum hætti.

Tollstjóri Tollyfirvöld **getur geta** afturkallað starfsleyfi skv. 1. mgr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði eða vanræki skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Fyrirkomulag endurgreiðslna.

Tollstjóri Tollyfirvöld **staðfestir staðfesta** fyrirkomulag endurgreiðslna, þ.m.t. form endurgreiðsluávísana ef um þær er að ræða.

Í þeim gögnum sem notuð eru við framkvæmd endurgreiðslna skal a.m.k. eftirtalið koma fram:

- Nafn, kennitala og skráningarnúmer seljanda.
- Dagsetning kaupa á vöru.
- Vörutegund og magn.
- Verð vörunnar með virðisaukaskatti.
- Nafn, vegabréfsnúmer, **þjóðerni** og heimilisfang kaupanda.

Seljandi Endurgreiðsluávisun skal festa fylgja greiðslukvittum áreiðanleg sjóðsvélar og rekjanleg kvittun eða reikningur fyrir greiðslu. Orðin áreiðanleiki og rekjanleiki ber að skýra til samræmis við frumrit reglugerð endurgreiðsluávisunar nr. 505/2013, um rafræna reikninga, rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónustu, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga- og bókhaldskerfa.

5. gr.

Framkvæmd endurgreiðslna.

Við brottför úr landi um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík skal kaupandi framvísa vörum ásamt endurgreiðslugögnum, sbr. 4. gr., til endurgreiðsluaðila, sem hefur leyfi skv. 3. gr., er framkvæmir endurgreiðsluna enda séu skilyrði reglugerðar þessarar að öðru leyti uppfyllt. Endurgreiðsluaðila er óheimilt að endurgreiða virðisaukaskatt nema kaupandi sanni með fullnægjandi hætti að hann hafi fasta búsetu erlendis, sbr. a. lið 2. gr. Ef fjárhæð endurgreiðslu er hærrí en kr. 5.000 skulu tollyfirvöld Tollyfirvöld staðfesta útlutninginn með þeim hætti sem þau ákveða og meta á hverjum tíma þá fjárhæð sem er sett til viðmiðunar þeirri framkvæmd. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu jafnframt gilda við brottför ferðamanna frá öðrum stöðum, ef aðili sem hlotið hefur heimild skv. 3. gr. annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti við brottför.

Við brottför annars staðar frá landinu skal vörum framvísað við tollyfirvöld sem ganga úr skugga um, og staðfesta, að skilyrði fyrir endurgreiðslu séu fyrir hendi.

Endurgreiðsla skv. 1. og 2. mgr. fer eingöngu fram við eða eftir brottför úr landi. Endurgreiðsla skal að lágmarki vera í samræmi við fjárhæðir og viðmið sem birt eru í fylgiskjali með reglugerð þessari. Sama gildir ef vörusala á sama sölureikningi ber bæði 24% og 11% virðisaukaskatt.

6. gr.

Uppgjör endurgreiðsluaðila.

Endurgreiðsluaðili, sbr. 3. gr., skal fyrir 20. hvers mánaðar skila tollstjóra tollyfirvöldum skýrslu, á því formi sem hann tollyfirvöld ákveður ákveða, vegna endurgreiðslna á tímabilinu frá 1. til 15. þess mánaðar. Jafnframt skal hann fyrir 5. dag næsta mánaðar senda tollstjóra tollyfirvöldum skýrslu vegna endurgreiðslna á tímabilinu frá 16. degi til loka mánaðar. Endurgreiðsluaðili skal láta tollyfirvöldum í té staðfestingu á endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, sé eftir því kallað. Fallist tollstjóri tollyfirvöld á skýrsluna skal endurgreiðsluaðili fá endurgreidda heildarfjárhæð þess virðisaukaskatts sem aðilar búsettir erlendis hafa greitt af keyptri vöru samkvæmt uppgjörsskýrslu.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðslan greidd út innan tíu daga frá lokum skilafrests skv. 1. mgr. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan tíu daga frá því að tollstjóri tollyfirvöld samþykkti samþykktu greiðslu. Geti tollstjóri tollyfirvöld, af ástæðum er varða endurgreiðsluaðila, ekki gert nauðsynlegar athuganir á uppgjörsskýrslu eða gögnum sem skýrslugjöf byggist á, framlengist framangreindur greiðslufrestur þar til úr þeim annmörkum hefur verið bætt.

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst tollstjóra tollyfirvöldum eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

7. gr.

Ofgreiðsla til endurgreiðsluaðila.

Komi í ljós að greiðsla til endurgreiðsluaðila hafi verið of há skal skulu tollstjóri tollyfirvöld þegar tilkynna endurgreiðsluaðila þar um. Endurgreiðsluaðila ber að endurgreiða það sem ofgreitt var eigi síðar en sjö dögum eftir dagsetningu tilkynningar tollstjóra tollyfirvalda. Um dráttarvexti vegna of hárrar greiðslu fer eftir lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

8. gr.

Varðveisla gagna.

Endurgreiðsluaðila ber að varðveita endurgreiðsluávisanir, uppgjör og önnur gögn er varða endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt reglugerð þessari í sjö ár frá lokum viðkomandi árs. Heimilt er að varðveita gögn skv. 1. málsl. með rafrænum hætti.

9. gr.

Eftirlit.

Tollstjóri Tollyfirvöld hefur hafa eftirlit með framkvæmd endurgreiðsna samkvæmt reglugerð þessari. Endurgreiðsluaðilum er skylt að láta tollstjóra tollyfirvöldum í té ókeypis og á því formi sem hann þau óskar óska eftir allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem varða framkvæmd endurgreiðsna.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. febrúar 2015. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.

Þau endurgreiðsluform sem staðfest voru fyrir gildistöku reglugerðarinnar halda gildi sínu til 1. júlí 2015. Sama gildir um leyfi skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 294/1997, sem veitt voru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 5. gr. skal endurgreiðsluaðilum heimilt að afgreiða endurgreiðsluumsóknir á þeim afgreiðslustöðvum innanlands sem þegar eru starfræktir til 1. júlí 2015, enda sé um að ræða endurgreiðslufjárhæð sem er lægri en kr. 5.000.

FYLGISKJAL**A. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum sem bera 24% virðisaukaskatt.**

6.000 - 7500	850	52.501 - 54000	7.150
7.501 - 9000	1.050	54.001 - 55500	7.350
9.001 - 10500	1.250	55.501 - 57000	7.550
10.501 - 12000	1.450	57.001 - 58500	7.800
12.001 - 13500	1.650	58.501 - 60000	8.000
13.501 - 15000	1.850	60.001 - 61500	8.200
15.001 - 16500	2.050	61.501 - 63000	8.400
16.501 - 18000	2.250	63.001 - 64500	8.650
18.001 - 19500	2.450	64.501 - 66000	8.850
19.501 - 21000	2.600	66.001 - 67500	9.100
21.001 - 22500	2.800	67.501 - 69000	9.300
22.501 - 24000	3.000	69.001 - 70500	9.500
24.001 - 25500	3.200	70.501 - 72000	9.750
25.501 - 27000	3.400	72.001 - 73500	9.950
27.001 - 28500	3.600	73.501 - 75000	10.150
28.501 - 30000	3.850	75.001 - 76500	10.400
30.001 - 31500	4.050	76.501 - 78000	10.600
31.501 - 33000	4.250	78.001 - 79500	10.850
33.001 - 34500	4.450	79.501 - 81000	11.050
34.501 - 36000	4.650	81.001 - 82500	11.300
36.001 - 37500	4.850	82.501 - 84000	11.500
37.501 - 39000	5.050	84.001 - 85500	11.750
39.001 - 40500	5.250	85.501 - 87000	11.950
40.501 - 42000	5.450	87.001 - 88500	12.200
42.001 - 43500	5.650	88.501 - 90000	12.400
43.501 - 45000	5.900	90.001 - 91500	12.650
45.001 - 46500	6.100	91.501 - 93000	12.850
46.501 - 48000	6.300	93.001 - 94500	13.100
48.001 - 49500	6.500	94.501 - 96000	13.300
49.501 - 51000	6.700	96.001 - 97500	13.550
51.001 - 52500	6.950	97.501 - 99000	13.800

Ef sölufjárhæð fer yfir 99.000 kr. skal endurgreiða 14% af sölufjárhæð. Ef aðeins hluti vara á sölureikningi ber 24% virðisaukaskatt og sölufjárhæð þess hluta nemur minna en kr. 6.000 skal endurgreiða 13% af þeirri fjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í heilum fimm tugum króna.

B. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum sem bera 11% virðisaukaskatt.

6.000 - 7500	400	28.501 - 30000	1.950
7.501 - 9000	500	30.001 - 31500	2.050
9.001 - 10500	600	31.501 - 33000	2.150
10.501 - 12000	700	33.001 - 34500	2.250
12.001 - 13500	800	34.501 - 36000	2.350
13.501 - 15000	900	36.001 - 37500	2.500
15.001 - 16500	1.000	37.501 - 39000	2.600
16.501 - 18000	1.100	39.001 - 40500	2.700
18.001 - 19500	1.200	40.501 - 42000	2.800
19.501 - 21000	1.300	42.001 - 43500	2.900
21.001 - 22500	1.400	43.501 - 45000	3.050

24.001 - 25500	1.600	46.501 - 48000	3.250
25.501 - 27000	1.700	48.001 - 49500	3.400
27.001 - 28500	1.850		

Ef sölufjárhæð fer yfir 49.500 kr. skal endurgreiða 7% af sölufjárhæð. Ef aðeins hluti vara á sölureikningi ber 11% virðisaukaskatt og sölufjárhæð þess hluta nemur minna en kr. 6.000 skal endurgreiða 6% af þeirri fjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í heilum fimm tugum króna.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.